

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík 6. ágúst 2010
Tilv.:SLR10080034/0.6.1

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vísar til umfjöllunar í fjölmiðlum og umræðna sem hafa farið fram að undanförmu um að erlendir aðilar hafi eignast tiltekinn eignarhlut í formi hlutabréfa í íslenska hlutafélaginu Stormi Seafood ehf. á árinu 2009.

Um eignarhald á sjávarútvegsfyrirtækjum gilda ákvæði laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Í 3. gr. laganna kemur fram að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi, með þeim takmörkunum sem koma fram í þeim lögum eða sérlögum og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram, að þeir aðilar einir megi stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi, sem uppfylla skilyrði laganna.

Ljóst er að allar heimildir til að annast framkvæmd og eftirlit með eignarhaldi samkvæmt lögum nr. 34/1991, m.a. eftirlit með eignarhaldi á fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og vinnslu sjávarafra, eru á verksviði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

Í 1. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, er sambærilegt ákvæði og 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991, en þar kemur fram að einungis tilteknir aðilar megi stunda fiskveiðar og vinnslu sjávarafra um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Einnig kemur fram í 5. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, m.a. að við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni skuli eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur engar heimildir til að hafa eftirlit með eignarhaldi erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 22/1998 og nr. 116/2006 með sama hætti og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu eru veittar með lögum nr. 34/1991.

Á grundvelli ákvæða í framangreindum sérlögum sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur ráðuneytið hins vegar að því sé rétt og skylt að fylgjast með því hvernig sé hagað í framkvæmd skýringu og túlkun framangreinds ákvæðis 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991 svo og framkvæmd og eftirliti samkvæmt framangreindum lögum, þ.e. eftirliti með eignarhaldi erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands og vinnslu sjávarafra.

Með vísan til framanritaðs er óskað eftir að efnahags- og viðskiptaráðuneytið veiti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eftirfarandi upplýsingar:

1. Hvernig er háttað eftirliti af hálfu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og undirstofnana þess með eignarhaldi erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands og vinnslu sjávarafla?
2. Hvernig er raunverulegt eignarhald á sjávarútvegsfyrirtækinu Stormi Seafood ehf.? M.a. er óskað eftir að efnahags- og viðskiptaráðuneytið veiti upplýsingar um hvort erlendir aðilar hafi eignast tiltekinn eignarhlut í félaginu, beint eða óbeint og ef svo er, hver sé sá eignarhlutur. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort sú eignaraðild sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um það efni. Ef umrætt eignarhald er ekki talið vera í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna er óskað eftir upplýsingum um hvernig efnahags- og viðskiptaráðuneytið muni bregðast við.
3. Er efnahags- og viðskiptaráðuneytinu kunnugt um eignarhald erlendra aðila á fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem skráð eru hér á landi og stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafla?

Fyrir hönd ráðherra

Sigurgeir Þorgeirsson